



Fyrsta "Svæði án erfðabreyttra lífvera" á Íslandi

Yfirlýsing Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði markar tímamót

Frá og með 1. febrúar 2006 var umráðasvæði Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands (HNLFI) í Hveragerði lýst "svæði án erfðabreyttra lífvera". Í því felst m.a. að stofnunin útilokar ræktun erfðabreyttra plantna og dýra innan sinna vébanda og mun leita allra leiða til að koma í veg fyrir að slíkar lífverur og afurðir þeirra berist inn á athafnasvæði hennar. HNLFI hefur hvatt aðra landeigendur, framleiðendur, landfræðilega afmarkaðar byggðir og sveitarstjórnir sem víðast á landinu til að lýsa umráðasvæði sín "svæði án erfðabreyttra lífvera", og minnir jafnframt á að slíkt færist í vöxt víða um heim.

Yfirlýsing HNLFI er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi og markar þannig tímamót í viðleitni almennasamtaka til að bægja erfðabreyttum lífverum frá íslenski náttúru meðan ekki hefur verið sýnt fram á skaðleysi þeirra með óháðum vísindarannsóknum. Jafnframt mun þetta vera fyrsta slíka svæðið á Norðurlöndunum þar sem útiræktun erfðabreyttra plantna er bönnuð.

HNLFI rekur umfangsmikla hjúkrunar- og endurhæfingarpjónustu byggða á hugmyndafræði náttúrulækningastefnunnar, sem Jónas Kristjánsson læknir hóf til öndvegis á síðustu öld. Þar er lögð áhersla á fyrirbyggjandi meðferðarkosti, hreyfingu og heilnæmt fæði. Stofnunin hefur nokkur hundrað hektara land til umráða þar sem skiptast á hannaðir almenningsgarðar, náttúrulegur villigróður, ræktaðir skógarlundir og garðlönd lífrænna matjurta. Sjá www.hnlfi.is.

Ákvörðun HNLFI var kynnt sérstaklega á fjölmennri "Evrópuráðstefnu um svæði án erfðabreyttra lífvera, líffræðilega fjölbreytni og byggðapróun" sem haldin var í Berlín 14.-15. janúar s.l. Á heimasíðu ráðstefnunnar segir m.a. að "frá Íslandi til Kýpur, frá Írlandi til Armeníu, spretta upp svæði án erfðabreyttra lífvera til varnar sjálfsákvörðunarrétti byggðanna, matvæla- og lífsgæðum, sjálfstæðum smábúskap, líffræðilegri fjölbreytni, heilsufarslegu og umhverfislegu öryggi." Sjá heimasíðuna www.gmo-free-regions.org.

Í Evrópu hafa nú yfir 170 héruð/fylki og 3500 sveitarfélög, auk tugþúsunda bænda og annarra matvælaframleiðenda lýst svæði sín án erfðabreyttra lífvera. Nokkur lönd eru nú að stórum eða öllum hluta orðin svæði án erfðabreyttra lífvera, t.d. Grikkland, Ítalía, Austurríki, Sviss, Frakkland, Pólland, England og Wales. Þessi hreyfing er enn á byrjunarstigi á Norðurlöndunum og heimasíður um málið geta einungis um tvær finnskar sveitarstjórnir sem bannað hafa notkun erfðabreyttra lífvera í opinberri þjónustu (þ.e. í skólum, á dagheimilum og vöggustofum).

Á Norðurlöndunum - að Íslandi frátöldu - er reyndar engin útiræktun á erfðabreyttum plöntum (nema etv. í smáum tilraunastíl) og þar er sömuleiðis ströng löggjöf sem skyldar framleiðendur til að merkja erfðabreytt matvæli. Hér á landi hafa yfirvöld hinsvegar heimilað útiræktun á erfðabreyttu lyfjabyggi á allt að 30 ha lands næstu fjögur árin, og hafa enn ekki lögfest reglur Evrópusambandsins um merkingar erfðabreyttra matvæla.